

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþings

Reykjavík, 23. apríl 2025

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar, 261. mál

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 7. apríl sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál.

Íslenskir lífeyrissjóðir falla ekki undir evrópskt regluverk um starfstengda lífeyrissjóði (IORP) og því ekki undir gildissvið DORA en lífeyrissjóðum er verulega umhugað um upplýsinga- og netöryggi og styðja samkvæmt því markmið fyrirhugaðra laga og gera ekki athugasemdir við að helstu ákvæði DORA verði innleidd í lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Á vegum LL var haldinn kynningarfundur á kröfum DORA og í kjölfar þeirrar kynningar var fundað í fjármála- og efnahagsráðuneytinu um málið og m.a. farið yfir með hvaða hætti væri farsælast að innleiða helstu ákvæði DORA á íslenska lífeyrissjóði. LL styðja þá aðferðafræði sem lögð er til með frumvarpinu, þ.e. að setja sérstök ákvæði í lífeyrissjóðalöggjöfina, sbr. 12. tölul. 14. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Undirritunarsíða

Þórey Sigríður Þórðardóttir